

Tillaga til þingsályktunar

um útsendingar sjónvarps og útvarps um gervitungl.

Flm.: Guðjón Guðmundsson, Guðmundur Hallvarðsson, Halldór Blöndal,
Drífa Hjartardóttir, Einar K. Guðfinnsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta gera á vegum Ríkisútvarpsins áætlun um kostnað og tæknilega útfærslu á því að senda dagskrár útvarps og sjónvarps um gervitungl, svo og kostnað við búnað til að taka á móti þessum sendingum. Einnig komi fram áætl-
aður stofnkostnaður jarðstöðvar til að senda dagskrár til gervitungls og árlegur rekstrarkostn-
aður hennar.

Greiðar er.

Mörg þúsund Íslendingar búa við þau skilyrði að hafa lélegan eða engan aðgang að út-
sendingum Ríkisútvarpsins, sjónvarps og hljóðvarps. Það á við um fólk í dreifðum byggðum
víða um land, þar sem móttökuskilyrði eru slæm, og Íslendinga erlendis, en stærsti hópurinn
er sjómenn á farskipum og fiskiskipum. Móttökuskilyrði sjónvarps hafa verið mjög misjöfn
á hafinu umhverfis landið. Þau hafa verið allgóð frá Faxaflóa austur að Ingólfshöfða, afleit
út af Austurlandi og gloppótt fyrir Norðurlandi, Vestfjörðum og suður fyrir Snæfellsjökul.
Skilyrðin eru skárrí þegar háþrýstisvæði er yfir landinu. Sjómenn segja að móttökuskilyrðin
hafi versnað á undanförnum árum.

Móttökuskilyrði útvarps eru einnig misjöfn en bötnuðu mjög á hafinu með tilkomu lang-
bylgjusendinga frá Gufuskálum og Eiðum, en um sendana þar er útvarpað blandaðri dagskrá
Rásar 1 og Rásar 2. Þessar sendingar nást allt til Færeys, eða u.p.b. 500 sjómílur. Í sparn-
aðarskyni hafa langbylgjusendingar nýlega verið skertar og stuttbylgjusendingar aflagðar,
en þær náðust um allan heim.

Það er mikið öryggismál að bæta sendingar ljósvakamiðlanna til fiskimiða og farskipa-
leiða, t.d. til að fylgjast með aðvörunum um hættu, svo sem fárvíðrisspám og tilkynningum
um ís. Bent hefur verið á að engin veðurspá er gerð nema á Íslandi fyrir siglingaleiðina
Bandaríkin-Nýfundnaland-Ísland.

Meðan ríkið stendur fyrir rekstri sjónvarps og útvarps og skyldar landsmenn til að greiða
afnotagjöld verður að leita allra leiða til að koma sendingum þessara fjölmíðla til sem flestra
Íslendinga.